

MOSFELLINGUR

6. tbl. 5. árg. föstudagur 28. apríl 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

Gleðilegt sumar

Hátíðarhöld sumardaginn fyrsta voru endurvakin í ár eftir nokkurra ára hlé. Meistaraflokkur Aftureldingar í knattspyrnu hafði veg og vanda af hátíðinni í ár. Skemmtidagskrá var við Íþróttamiðstöðina að Varmá sem heppnaðist vel í blíðskaparveðri. Skátarnir létu ekki eftir liggja en um þessar mundir taka þeir þátt í friðarverkefninu Gjöf til friðar. Á þessu ári eru 100 ár liðin frá því að skátastarf hófst í heiminum. Á myndinni má sjá skátafélagið Mosverja leiða skrúðgöngu í tilefni dagsins.



Ljósm. Hilmar

EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Tröllateigur

167,1 m² endaraðhús

Mjög fallegt endaraðhús á 2 hæðum. Hagstæð áhvílandi lán með 4,15-4,2% vöxtum

Verð kr. 41,5 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is

Sjá nánar
á bls. 3



Einar Páll Kjærnested
lögfróður fasteignasali



Munkabraud er gerlaust braud
með haframjöl og heilum sólkjörnum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustæði í fyrirtæki. Útvegið bílaþjónusta.

Car-o-tronic bílveiting



Hellingur að gerast

Gleðilegt sumar Mosfellingar! Ekki Mosfellsbæjarbúar, eins og stóð á pósti einum sem barst mér um daginn. Guð minn almáttugur hvað það er hallærislegt, Mosfellsbæjarbúi. Ég er og verð allavega Mosfellingur meðan ég lifi. Þetta er eins og að kalla fólk frá Hellu, Hellisbúa væri ekki nær að kalla það Helling?

En allt í lagi með það. Enn styttest í bæjarstjórnarkosningarnar, bærinn iðar af lífi þessa dagana og dreifipésunum frá framboðunu rignir inn um lúguna. Kynning á framboðendum og stefnumálum flokka eins og gengur og gerist. Þetta er svo reynt að djúsa upp með fréttum



úr bæjarlífinu. Oftar en ekki fréttir sem birtust í Mosfellingi u.p.b. tveimur mánuðum áður. En þetta reyndar gerist ekki nema fyrir jól og kosningar.

En talandi um kosningar, þá er ég á þeim buxunum að það ætti að banna skoðanakannanir og reyna að gera þetta svolítið meira spennandi. Tækninni fleytir svo hratt fram að þær kannanir sem gerðar eru rétt

fyrir kosningar eru allsvakalega nærri þeim úrslitum sem munu verða. Þetta gerir síðustu dagana fyrir kosningar ekki eins spennandi og skemmtilega og ella og kosningavökurnar eru nánast fyrirfram bókaðar.

Alltaf þegar það er hringt í mig frá Gallup eða öðru eins fyrirtæki þá segist ég alltaf kjósa einhvern allt annan flokk en þann sem mér dytti í hug að kjósa. Vona að fleiri geri það líka.

Blaðið í þetta skiptið er undirlagt pólitískum greinum og hvet ég fólk til að láta sig bæjarmálin varða og hugsa sig vel um áður en gengið er að kjörborðinu.

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri



LEIÐARI



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Mosfellssveitin var með vaxtaverki. Myndin er tekin frá Lágafelli, rétt fyrir ofan verðandi Krikahverfi, í átt að Teigahverfinu. Víðiteigurinn er í byggingu rétt eins og húsinn í Löndunum en nær fremst trónir fullbyggt raðhús í Stóratengi. Hálfheiminn í fjarska, í felum á bakvið tré sést svo aldursforsetinn Garður. Það skemmtilega við þessa mynd er að hverfin tvö, sem alllangt er á milli, virðast vera eitt og sama hverfið. Hvern myndi óra fyrir því að á milli innstu og ystu húsanna sé heil kvos sem á rennur um? Myndin er tekin um og í kringum 1984.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson,
Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

Blaðamenn og pistlahöfundar:

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson,
Hanna Símonardóttir, Högni Snær
Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir,
Þrándur Gíslason og Örn Franzson

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Prentun: Prentmet, prentað í 3000
eintökum og dreift frítt inn á öll
heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ,
Kjalarnes og Kjós.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á tveggja til þriggja
vikna fresti allt árið um kring.**

Börnin í bænum



Undanfarna viku hefur staðið yfir menningarvika leikskólabarna í Kjarna. Þar gaf á að líta fjölbreytt úrval listkrúðugra listaverka sem hafa skirskotun í hugmyndaheim barnanna. Á myndinni má sjá unga listunendur sem sumir hverjir ef ekki allir hafa átt verk á sýningunni.



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Klapparhlíð – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Nýr grunnskóli og leikskóli eru 3 mínútna göngufjarlægð, en auk þess er verið að byggja inni/útsundlaug ásamt íþróttahúsi á sama stað. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, geymsla inni í íbúð, fallegt eldhús og björt stofa.

Verð kr. 19,9 m.



Þverholt – 114 m2 íbúð.

114,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Þverholt í Mosfellsbæ. Eldhús með U-laga innréttingu, góðum borðkrók og búrherbergi, stór stofa, baðherbergi m/kari og sturtu, gott svefnherbergi og stórt hjónaherbergi + fataherbergi. Þetta er stór og rúmgóð íbúð með möguleika á 3ja svefnherberginu.

Verð kr. 20,3 m.



Hjallahlíð – 4ra herb. + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 94 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í 4ra íbúða Permaformhúsi, ásamt 27,7 m2 bílskúr. Sér inngangur í íbúðina og sér lóðarpartur þar sem hægt væri að gera timburverönd. Þetta eru hagstæða íbúðir í rekstri, íbúðin þarfnast nokkura endurbóta.. Frábær staðsetning, skóli og leikskóli í næstu götu.

Verð kr. 24,3 m.



Álmholt – efri sérhæð m/2fl. bílskúr

142,8 m2 efri hæð ásamt 50 m2 tvöföldum bílskúr, með glæsilegu útsýni yfir Leirvoginn og að Esjunni. Fjögur góð svefnherbergi, eldhús m/borðkrók, stór stofa með káinu og björt borðstofa, sjónvarpshol, baðherbergi og gestasalerni ásamt góðu þvottahúsi. Frábær staðsetning, neðst í botnlanga í grónu hverfi. Gönguleiðir, golfvöllur og hesthúshverfi í næsta nágrenni.

Verð kr. 35,6 m.



Furubyggð – 166,3 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðaustur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílapan. Þetta er falleg eign í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ.

Verð kr. 39,3 m.



Furubyggð – 109,5 m2 raðhús

Til sölu 109,5 m2 raðhús á einni hæð við Furubyggð. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, stór stofa og eldhús, hol, baðherbergi og sér þvottahús. Gott bílastæði er fyrir framan húsið og sér afgirtur garður í suðurátt. Húsið er byggt árið 1990, en komið er að andlitslýftingu og því tilvalið tækifæri fyrir laghenta. **Íbúðin er laus til afhendingar**

Verð kr. 25,9 m.



Bjargartangi – sérhæð.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá bjarta og vel skipulagða 152,2 m2 neðri sérhæð með möguleika á 50 m2 bílskúr, með sér aðkomu á góðum stað í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, stór geymsla, lokað eldhús m/borðkrók, sjónvarpshol, borðstofa og stofa með arni. Sér garður út frá stofu og stór sameiginleg lóð. Bílastæði hellulagt og aðkoma frá Álftanga.

Verð kr. 34,9 m.



Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

Erum með 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðal hæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innanlega í lóðinni og stórt og gott bílapan og mikill suðurgarður. Áhvalandi hagstæð 12,0 milljón kr. lán

Verð kr. 46,2 m.



Grundartangi – 62 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá lítið og sætt 62 m2 endaraðhús á einni hæð með verönd og sérgarði. Íbúðin skiptist í bjarta stofu, eldhús, gott hjónaherbergi, baðherbergi m/kari og geymslu. Út frá stofu er steypt verönd og garður í suðurátt. Þetta er snotur eign fyrir litla fjölskyldu - líklegast eitt minnsta sérbýli sem vól er á.

Verð kr. 16,9 m.



Fellsás – 285,5 m2 einbýlishús

Erum með 285,5 m2 einbýlishús á sérlega fallegum útsýnisstað í hlíðum Helgafells í Mosfellsbæ. Húsið er á tveimur hæðum og ber augljós merki arkitektsins, Vífilis Magnússonar. Í húsinu er mjög stórt eldhús, stór stofa, sólskáli, 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sjónvarpshol. Á jarðhæð er stór tvöfaldur bílskúr og 70 m2 íbúðarými, sem vel gæti nýst sem aukaíbúð, skrifstofa eða unglingaherbergi.

Verð kr. 54,0 m.



Furubyggð – 107 m2 endaraðhús.

NÝTT Á SKRÁ

Þetta er 107,2 m2 endaraðhús með stórum suðurgarði í fállegri og gróinni götu. Í húsinu eru tvö rúmgóð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi m/kari og sturtu, eldhús m/borðkrók og stór stofa og sólstofa (nú notuð sem 3ja svefnherbergið). Hellulagt bílapan með snjóbræðslu og stór og skjósæll suðurgarður.

Verð kr. 29,5 m.



Urðarholt – 150 m2 atvinnuhúsnæði


Erum með 150 m2 atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarpláss og inn af því hefur verið innréttuð íbúðaraðstaða. Gott gluggapláss er út á bílastæðið og gott aðgengi. Rýmið stendur við Mosfellsbakarí sem er eitt best bakarí á landinu.

Verð kr. 22,5 m.



Mosfellsbær endurgreiðir

Bæjarstjórnin ákvað, eftir að mikill hagnaður á rekstrarniðurstöðu bæjarsjóðs á síðasta ári kom í ljós, að endurgreiða íbúum 15% af fasteignargjöldum ársins 2006. Þá var einnig ákveðið að veita 20% afslátt af dagvistargjöldum frá 1. maí næstkomandi.



Götur nefndar í Leirvogstungu

Tillaga að götunöfnum fyrir nýja hverfið sem mun rísa í Leirvogstungu, var sett fram á fundi skipulags- og byggingarnefndar 18. apríl síðastliðinn. Tillagan innihélt nöfn eins og Leirvogsgvegur, Kvíslartunga, Ósatunga, Leirvogstunga og Vogartunga. Frestað var að taka ákvörðun í málinu að sinni. Þá er einnig hafin vinna við að nefna nýja hverfið að Helgafelli. Það er því í nógu að snúast hjá umhverfisnefnd að finna ný götunöfn fyrir hverfin sem rísa hér á næstunni.



Myndlistarsýning hjá 7. bekk

Nemendur í 7. bekk beggja grunnskólanna í bænum tóku þátt í norrænu myndlistarverkefni í fyrra og af því tilefni var opnuð sýning á þessum verkum í anddyri Norræna hússins. Börn frá Norðurlöndunum áttu verk á sýningunni sem stóð yfir frá 7. apríl til 25. apríl. Við opnunina var Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, ásamt nemendum og kennurum Lágafellsskóla og Varmáarskóla sem komu að verkefninu.

Örvæntingarfullir sjálfstæðismenn

Lækkun gjalda

Íbúar Mosfellsbæjar fá 15% afslátt af fasteignagjöldum, 20% afslátt af leikskólagjöldum og greiðslur til foreldra með börn í daggeslu hækka um 20% samkvæmt tillögu meirihlutans en allir bæjarfulltrúar samþykktu tillöguna á 440. fundi bæjarstjórnar. Áætluð áhrif þessa eru samtals um 62 milljónir króna.

Forsaga málsins er sú að minnihlutinn hefur hrakið meirihluta sjálfstæðismanna hvað eftir annað til að lækka álögur í bæjarfélaginu og er þetta í fjórða skiptið síðan fjárhagsáætlun var lögð fram sem það gerist og telst það sennilega Íslands-met. Með lækkun þessara gjalda er meirihluti sjálfstæðismanna að viðurkenna fullyrðingar B-listans að allt kjörtímabilið hafi barnafjölskyldur verið breiðu bökin og eru nú rétt fyrir kosningar að endurgjalda þeim til baka. Þetta sýnir ekkert annað en örvæntingu meirihluta sjálfstæðismanna rétt fyrir kosningar.

Við í B-listanum í Mosfellsbæ höfum gagnrýnt meirihlutann öll fjögur árin fyrir þessar háu álögur og notað hvert tækifæri til að benda á að það sé ekki mikill vandi að skila rekstrar-afgangi ef gjöldin eru hækkuð langt umfram það sem þau þurfa að vera.

Íþróttasvæði vélhjólaíþróttar

Það vita líklega fæstir bæjarbúar í Mosfellsbæ að í bænum er starfandi íþróttafélag sem heitir Vélhjólaíþróttafélag Mosfellsbæjar, oftast kallað Motomos. Félagið hefur verið starfandi frá árinu 2000 og fékk nú á vordögum inngöngu í UMSK og varð þar með hluti af íþróttahreyfingunni í landinu. Það eru um 100 félagar í Motomos og þeim fer ört fjölgandi. Eitt helst baráttumál félagsins hefur verið að skapa aðstöðu fyrir vélhjólaíþróttir í Mosfellsbæ. Það fer líklega ekki framhjá bæjarbúum að vélhjólaíþróttin er á „götunni“ í orðsins fyllstu merkingu og þrátt fyrir að legið hafi fyrir erindi hjá bæjaryfirvöldum í meira en sex ár þá hillir ekki undir neina lausn. Á meðan þetta ófremdarástand varir munu bæjarbúar væntanlega búa áfram við akstur torfæruhjóla innanbæjar. Þeir sem stunda íþróttina hafa í áratugi nýtt sér malarnámur ofan bæjarins til æfinga í íþróttinni.

Undirritaður hefur ásamt hundruðum mætra Mosfellinga ekið skellinöðrum og torfæruhjólum í

Sveitarfélag	Íþróttastyrkur	Leikskóli	Grunnskóli	Útsvar	Fasteignagjöld	Samtals	Hlutfalls-munur í %
Kópavogur	-20	247	79	938	115	1359	0,0
Seltjarnarnes	0	314	102	889	113	1418	4,3
Reykjavík	0	254	112	938	118	1422	4,6
Akureyri	0	246	85	938	173	1442	6,1
Hafnarfjörður	-40	317	112	938	153	1480	8,9
Garðabær	-20	325	143	897	141	1486	9,3
Mosfellsbær	0	315	79	932	161	1487	9,4
*Mosfellsbær	0	273	79	932	145	1429	5,1

*= áhrif nýsamþykkrar lækkunar komin inn

„Það er dýrt að búa í Mosfellsbæ“ á meðan aðrir geta sagt: „Það er gott að búa í Kópavogi“

Það hefur ekki farið fram hjá bæjarbúum hversu dýrt hefur verið að búa í Mosfellsbæ eftir að sjálfstæðismenn komust til valda en þeir breyttu þeirri yfirlýstu stefnu fyrri meirihluta að Mosfellsbær væri fjölskylduvænt bæjarfélag þar sem gjaldtaka vegna þjónustu sem fjölskyldufólk keypti væri ávallt haldið í lágmarki.

Nú nýlega birtust kannanir ASÍ sem sýndu fram á hvað álögur hafa hækkað mikið í Mosfellsbæ en sem dæmi hafa fasteignagjöld hækkað um 55,7% á kjörtímabilinu. Bæjarstjórnar nágrannasveitarfélaganna hafa sýnt svipaðan samanburð þar sem Mosfellsbær hefur komið illa út og mosfellsfretir.is hafa flutt okkur fréttir af þessu hvað eftir annað.

Bæjarstjóri Kópavogs birtir á síðum Morgunblaðsins samanburð milli



Marteinn Magnússon

Skipar 1. sæti B-listans í Mosfellsbæ



sveitarfélaga miðvikudaginn 12. apríl þar sem að hann tekur sem dæmi að ef miðað er við fjögurra manna fjölskyldu sem býr í 150 fermetra íbúðarhúsnæði og er með 600 þús. kr. í mánaðartekjur, annað barnið er í 8 klst vistun á leikskóla og hitt er í grunnskóla og dægradöl í 2 klst. þá er langdýrast að búa í Mosfellsbæ. Sjá töflu Eftir lækkun gjalda má sjá að staða Mosfellsbæjar lagast, en hversu trúverðugar eru svona aðgerðir? Hefði ekki verið betra fyrir sjálfstæðismenn að stilla álögum og gjaldtöku í hóf allt kjörtímabilið?

Gerum Mosfellsbæ að betri bæ

Mér finnst það orðið tímabært að við bæjarbúar tökum höndum saman og gerum Mosfellsbæ að betri bæ til að búa í þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi og allir njóta jafnréttis, álögur og gjaldtöku verði stillt í hóf og þjónustan verði bætt með það að leiðarljósi að öllum líði sem best, það væru raunveruleg lífsgæði.



að lokum að rifja upp þá tíð þegar hestamenn höfðu enga reiðstíga í bænum og riðu gjarnan um götur bæjarins. Það fór ekkert sérstaklega vel saman við aðra umferð ef ég man rétt. Það er von þess sem þetta skrifar að bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ sjái sóma sinn í að leysa þetta mál sem fyrst og skipuleggi svæði þar sem Vélhjólaíþróttafélag Mosfellsbæjar getur byggt upp íþróttamannvirki við hæfi, líkt og önnur íþróttafélög í bænum hafa gert.

Aron Reynisson
höfundur er formaður
Vélhjólaíþróttanefndar ÍSÍ



Jónas



Hanna Bjartmars



Anna Sigríður



Baldur Ingi



Óskar Ingi



Gerður

VORTÓNLEIKAR OG ÚTGÁFUTÓNLEIKAR REYKJALUNDARKÓRSINS

Sunnudaginn 30. apríl kl. 17
í bókasafninu í Kjarna í Mosfellsbæ



Á efnisskrá eru íslensk lög af nýútgefnum diski kórsins svo sem:

Á sprengisandi, Krummavísur og íslenskir söngdansar.

Einnig lög efir Sigfús Halldórsson, Þórarinn Guðmundsson og

lög úr Meyjarskemmunni eftir Franz Schubert og fleiri lög.

Einsöngvarar eru úr röðum kórsins: Guðbjörg Björnsdóttir, Ingunn

Gyða Hrafnkelsdóttir og Páll Sturluson.

Stjórnandi Íris Erlingsdóttir.

Meðleikari Anna Rún Atladóttir.

Verð aðgöngumiða kr. 1.000

Sumardekk í úrvali

ÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL FARARTÆKI



dekk@dekk.is
www.dekk.is



Langtangi 1a - sími 566 8188



Örugg og lípur þjónusta

Menningarkvöld Ungra jafnaðarmanna í Mosfellsbæ

fimmtudagskvöldið 4. maí
kl. 20.30 á Draumakaffi

Sumarljós, og svo kom nóttin
Jón Kalman Stefánsson

Draumalandið
Andri Snær Magnason

Kaffihúsaðjassi
Dj Sveinhugi

Ásamt fleirum

Ókeypis
aðgangur!



5. maí skemmtun
ungra jafnaðarmanna í Mosfellsbæ
á draumakaffi frá 21 til 03

Ókeypis
aðgangur!



fram koma
21 dj sveinhugi
24 dúettinn hljómur





Draumakaffi styrkir CP samtök

Þann 12. apríl hélt Draumakaffi veglegt páskabingó sem endaði með heljarinnar balli. Allur ágóði rann til CP sem eru samtök heilalamaðra einstaklinga. Bingóið fór fram úr björtustu vonum og fullt var út úr dyrum. Vinningarnir voru hinir glæsilegustu og aðalvinninn hlaut Bóel Hallgrímsdóttir. Í honum var m.a. gisting á Hótel Selfossi, þriggja rétta máltíð, páskaegg og ýmislegt fleira. Frábært framtak hjá Draumakaffi og Ingibjörg frá CP samtökunum var í skýjunum þegar Guðmundur og Ingunn afhentu henni ávísun uppá 64.000 krónur. Þau vildu koma á framfæri bestu þökkum til allra þeirra sem gáfu vinninga í bingóið.

Á neðri myndinni má sjá Bóel með aðalvinning kvöldsins.



Efnahagshorfur ræddar hjá Glitni

Um 80 manns mættu á morgunfund Glitnis sem haldinn var á miðvikudaginn sem leið á bókasafninu. Á fundinum var meðal annars rætt um efnahagshorurnar. Sérstakur gestur var Ingólfur Bender hagfræðingur sem hélt fyrirlestur um efnahagshorfur. Að sögn Sigríðar Jónsdóttur útibússtjóra var góð mæting og almenn ánægja með fyrirlesturinn



SMÁUGLÝSING

Elsa tapaði iPod spilaranum sínum í eða við Lágafellsskóla eða Íþróttamiðstöð. Varmá miðvikud. 12. apríl. Skilvís finnandi er beðinn um að hafa samband í síma 8681531 eða 8487720.

Uppbyggingin og lóðirnar – ný hugmyndafræði

Samkvæmt svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Mosfellsbæjar mun eiga sér stað mikil fjölgun íbúa í sveitarfélaginu á næstu árum. Mosfellsbær er það sveitarfélag á landinu sem ætlað er að taka við hlutfallslega mestri fólksfjölgun. Í þessu felast bæði tækifæri og áskoranir. Á kjörtímabilinu hefur verið unnið mikið starf við undirbúning þessa stóra verkefnis. Eins og flestum er kunnugt er málum þannig háttað hér í bæ að byggingarlönd eru nær eingöngu í eigu einkaaðila. Gömlu landbúnaðarjarðirnar og tilvonandi byggingarlönd, Blikastaðir, Lágafell, Teigur, Sólvellir, Akrar, Reykir, Helgafell og Leirvogstunga, falla öll í þennan flokk.

Ný hugmyndafræði

Þegar skoðaðir eru þeir möguleikar sem sveitarfélagið hefur til að takast á við þessa miklu uppbyggingu koma einkum tvær leiðir til greina. Annars vegar að kaupa upp byggingarlöndin og úthluta löðum og hins vegar að gera samninga við landeigendur varðandi uppbyggingu á svæðunum. Við fyrstu sýn virðist fyrri leiðin aðgengilegri og betri en við nánari skoðun kemur í ljós að henni fylgja verulegir annmarkar. Eins og öllum er kunnugt um hefur verið á byggingarlandi á höfuðborgarsvæðinu margfaldast á undanförunum árum. Sveitarfélagið þarf því að leggja í gífurlegar fjárfestingar vegna kaupa á byggingarlandi með tilheyrandi áhættu. Auk þess

sem leggja þarf uppkaupsverð ofaná gatnagerðargjöld til að ná þeim fjármunum til baka sem lagðir væru í kaupin, nema að lóðir væru niðurgreiddar af skattfé sem án efa mundi ekki nást sátt um meðal bæjarbúa. Því var skoðuð sú leið að gera samninga við landeigendur um uppbyggingu á svæðunum og aðkomu þeirra að byggingu þjónustumannvirkja. Nú hafa verið gerðir tveir slíkir samningar, þ.e. um uppbyggingu 400 sérbýlisíbúða í Leirvogstungu og byggingu 1000 íbúða í landi Helgafells. Þessi samningar fela m.a. í sér að:

- Landeigendur kosta allar framkvæmdir sem uppbygging á hverfunum krefst hverju nafni sem þær nefnast, s.s. vegna gatnagerðar, undirganga, holræsalagna, stígagerðar, lýsingar, frágangs leikvalla og allra sameiginlegra svæða.
- Landeigendur greiða allan skipulagskostnað svæðanna.
- Landeigendur afhenda Mosfellsbæ landið til eignar samhliða uppbyggingu.
- Landeigendur greiða Mosfellsbæ a.m.k. um 1.050 mkr. vegna beggja hverfanna, sem notaðar verða til uppbyggingar á skólamannvirkjum í hverfunum.

Með þessu móti er tryggt að fjármagn fylgir frá landeigendum til að standa undir uppbyggingu á nauðsynlegri þjónustu í hverfunum og sá kostnaður lendir ekki á íbúum



Haraldur Sverrisson

Formaður skipulags- og byggingarnefndar



sveitarfélagsins. Auk þess fríar bæjarfélagið sig þeirri miklu áhættu sem fylgir uppkaupum. Jafnframt er tryggt mikið framboð af fjölbreyttum löðum í bæjarfélaginu sem stuðlar að því að jafnvægi myndast milli framboðs og eftirspurnar sem leiðir jafnframt til lægra lóðaverðs.

Samningar sem eftir er tekið

Sú leið sem hér hefur verið kynnt um uppbyggingu íbúðahverfa í Mosfellsbæ hefur vakið mikla athygli. Ljóst er að hér er um nýja hugmyndafræði að ræða sem önnur sveitarfélög munu vafalaust nota sér. Því vekur athygli afstaða frambjóðanda Samfylkingarinnar hér í bæ sem skrifaði nýlega í Mosfelling og gerði þessi mál að umtalsefni. Í skrifunum birtist afstaða Samfylkingarinnar sem gefur ekki mikið fyrir þessa nýju hugmyndafræði og telur hana ekki vera íbúunum Mosfellsbæjar til framdráttar. Dæmi hver fyrir sig. Ég geri ráð fyrir að þessi afstaða sé byggð á vanþekkingu og hvet frambjóðandann til að setja sig betur inn í lóðamála og lóðaframboð í Mosfellsbæ.

Sundlaugarparadís við Lágafellsskóla

Sennlíður að því að við Mosfellingar getum farið að nýta okkur þá nýju sundlaugarparadís sem er að rísa við Lágafellsskóla. Á sumardaginn fyrsta var bæjarbúum boðið að skoða og sjá hve glæsilegt mannvirkíð verður. Uppbygging þess hefur verið hröð og má sjá mannvirkíð taka á sig mynd frá degi til dags. Þykir mannvirkíð hið glæsilegasta og mikill happafengur fyrir okkur hér í bæjarfélaginu.

Hvað þýðir þetta fyrir okkur í Mosfellsbæ? Jú, nú ættu t.d. allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi sem tengist á einhvern hátt sundi. Þarna verður innilaug með færanlegum botni, 25m útilaug sem uppfyllir alþjóðlega staðla sem keppnislaug, gufubað, eimbað, heitir pottar, vaðlaug og ekki má gleyma rennibrautum sem yngri kynslóðin á eftir að nýta sér til

gamans. Veitingaaðstaða verður innandyra sem einnig verður hægt að nýta á góðviðrissdögum og bjóða upp á veitingar á sundlaugarbakkanum. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir ýmsa aðra tengda þjónustu.

Lágafellsskóli fær á nýju skólaári 2006 íþróttahús og sundlaug til eigin afnota á skólatíma og mun það efla allt innra starf skólans og jafna íþróttaaðstöðu grunnskólabarna í Mosfellsbæ. Skólaakstur nemenda af vestursvæði vegna sund- og íþróttakennslu verður aflagður og mun það hafa í för með sér aukin þægindi fyrir börnin og töluverða hagræðingu í skipulagi skólastarfs.

Pó svo að við Mosfellingar séum að fá í bæjarfélagið nýja glæsilega sundlaugaraðstöðu fyrir almenning þá má ekki gleyma þeirri uppbyggingu sem



Bjarki Sigurðsson

Formaður íþrótt- og tómstundanefndar



einnig á sér stað á Varmásvæðinu. Þrír löglegir keppnisvellir innanhúss, fitnesbraut, frjálísíþróttaaðstaða, 7 manna gervigrasvöllur, sundlaug þar sem á að setja nýja flotbakka og lagfæra í nútíma mynd og nú í sumar verður tekin í notkun gervigrasvöllur í fullri stærð. Einnig er í samvinnu við UMFA verið að hanna viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina að Varmá sem kemur til með að bæta til muna alla þjónustu við bæjarbúar og ekki síður mun ný félagsaðstaða UMFA án efa verða lyftistöng fyrir félagið.

Margofit höfum við státað okkur af því að vera íþrótt- og útivistarbærinn Mosfellsbær og má með sanni segja að miðað við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað undanfarið og á komandi mánuðum þá stöndum við svo sannarlega undir nafni.

Skólavefurinn býður 7 daga kynningaráskrift að vefnum út mars.

Þú skráir þig hjá okkur og
hefur 7 daga til að ákveða hvort þú viljir vera í áskrift.

Danska
Enska
Íslenska
Stærðfræði
Bókmenntir og lestur
Ljóð
Málfræði
Stafsetning
Sögur
Upplestur
Leikir
Krossgátur
Margmiðlun
Vefsíónvarp
Kristniðfræði
Landfræði
Náttúrufræði
Saga
Samfélagsfræði

Kynntu þér málið betur á www.skolavefurinn.is

Skólavefurinn ehf.
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími: 551 6400
skolavefurinn@skolavefurinn.is



KFC®



Mánaðarleg hádegistilboð



Kjúklinga Máltíð

2 Bitar, Salat, Franskar & Gos

650,-



Kjúklingaborgari

Kjúklingaborgari, Franskar & Gos

650,-



Zinger Twister

Zinger Twister, Franskar & Gos


650,-

KFC MOSFELLSBÆ



Myndlistarsýning í Kvosinni

Helgina 22. og 23. apríl var haldin myndlistarsýning á verkum nemenda við Myndlistarskóla Mosfellsbæjar. Sýningin var haldin í húsnæði skólans í Álafoskvos. Þetta voru verk fullorðinna nemenda skólans, bæði byrjenda og lengra komna, og máluð með olíu. Myndlistarkonurnar Soffía Sæmundsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir hafa í vetur kennt nemendum að vinna með olíuliti og árangurinn þótti afar góður. Það er því greinilegt að í bænum leynist margur listamaðurinn.



Ertu á leið í sumarfrí?

Kíktu við hjá okkur og líttu vel út!



Þverholt 5
S. 566 8110

Rétt skal vera rétt

Ég lifi og hrærist í íþróttum og við að fræða fólk um mikilvægi heilbrigðs lífens daginn út og daginn inn bæði vegna starfs míns og áhugamála. Þess vegna fannst mér frábært þegar ég fékk boð um að vera í Íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar. Ég hef fengið að koma að mörgum málum sem hafa hjálpað börnum, unglingum og fullorðnu fólki til að fá tækifæri til að hreyfa sig, auka heilbrigði sitt og hafa til þess aðstöðu hér í bæ. Með öðrum orðum efla bæinn okkar. Fyrir það vil ég þakka. Ég hef verið í Íþrótt- og tómstundanefnd í tvö kjörtímabil undir forystu ólíkra aflla. Áður fyrr voru málin rædd til fullnustu í fagnefndinni á lýðræðislegan hátt áður en þau fóru til umræðu í bæjarstjórn. Var samstarf minni og meirihluta til fyrirmyndar. Nú á seinna kjörtímabilinu gerist það allt of oft að fagnefndin er ekkert höfð með í ráðum sem ég túlka sem brot á reglum og markmiðum nefndarinnar.

Ég get ekki annað en upplýst bæjarbúa um upplifun mína í Íþrótt- og tómstundanefnd núna á þessu

kjörtímabili þar sem sjálfstæðismenn eru við völd.

Það er sem betur fer margt gott sem tekið er fyrir á þessum fundum og framkvæmt þó að alltof mörg stórmál, sem eru afdrifarík fyrir bæjarfélagið okkar, koma ekki til umfjöllunar í fagnefndinni. Ég hef gagnrýnt undarlegt og ólýðræðislegt vinnuferli hjá meirihlutanum í þó nokkrum málum og finnst mér eins og sjálfstæðismenn hafi gleymt markmiði Íþrótt- og tómstundaneftdar sem er fyrst og fremst að vera ráðgefandi fagnefnd fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar varðandi íþrótt- og tómstundamál. Annað hvort vita þeir þetta ekki eða virðast hafa gleymt því. Hægt er að lesa um samþykkt fyrir Íþrótt- og tómstundaneftnd á mos.is. Þar stendur orðrétt í 3. grein: Hlutverk íþrótt- og tómstundaneftndar er:

- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í íþrótt- og tómstundamálum og hafa eftirlit með að stefna bæjarfyrirvalsa á hverjum tíma sé haldin.



Halla Karen Kristjánsdóttir

Íþróttakennari og fulltrúi B-lista í Íþrótt- og tómstundaneftnd

- Að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að íþrótt- og tómstundamálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.

- Að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í íþrótt- og tómstundamálum.

Ég er ósátt við að vera sökuð um að fara með rangfærslur og að tortryggja uppbyggingu íþróttamannvirkja þegar ég vinn í nefndinni af heilum hug. Mitt markmið er að gæta þess, að málin fari í réttan farveg og fái eðlilega umfjöllun í fagnefndinni og leit að sé bestu leiða. Það eru lýðræðisleg vinnubrögð.

Mín upplifun er sú að nefndin fái ekki að starfa sem fagnefnd en sé háð duttlungum „kóns og drottningar“ og er ég orðin dauðþreytt á að vera einhver „puntuðúka“ í Íþrótt- og tómstundaneftnd.

Glitnir gerir styrktarsamning við Hestamannafélagið Hörð

Þann 22. mars var undirritaður styrktarsamningur Glitnis í Mosfellsbæ við Hestamannafélagið Hörð. Með þessum samningi gerist bankinn aðalstyrktaraðili æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Harðar árið 2006. Markmið Glitnis með samningnum er að styðja félagið til þess að sinna uppeldishlutverki sínu í Mosfellsbæ á sviði hestaíþróttar. Upphæðin verður notuð til að styrkja uppbyggingu barna- og unglingastarfs drengja og stúlkna.

Samningurinn leggur ákveðnar línur í samstarfi Glitnis og Harðar, en útilokar ekki að fleiri hugmyndum verði hrint í framkvæmt, ef og þegar þær koma.



Sigríður Jónsdóttir útibússtjóri ásamt félögum úr hestamannafélaginu Hörð

Skólamál

Góði gamli Varmárskólinn er ekki beilínis bæjarprýði. Gestir annarsstaðar frá hafa haft orð á því hve hrörlegt ytra útlit skólans og sundlaugarinnar er.

Börnin hafa vaðið drullu í mörg ár á leiðinni inn úr frímínútum. Skólinn er allur skítugur, útkrotaður og illa viðhaldinn. Aðstæður til að geyma reiðhjól barnanna eru mjög slæmar. Óviðeigandi bílaumferð

sporlatra foreldra inn á skólalóðina þyrfti að stoppa af með viðeigandi slám. Gírdingar sem eiga að hlífa gróðri fyrir átroðningu eru meira eða minna brotnar.

Kennarar Varmárskóla sendu á síðasta ári bréf til bæjaryfirvalda um þessi mál án þess einu sinni að fá svar. Hjá mér vaknar upp sú spurning hvort umhverfisnefndin ætti auk þess að veita verðlaun fyrir fall-

ega garða og götur, einnig að veita „skammarverðlaun“ fyrir illa hirt svæði og mannvirki. Þar ætti Varmárskóli góðan möguleika á að lenda í fyrsta sæti.

En án gríns, þá finnst mér að núverandi bæjarstjórn ætti að sjá sóma sinn í því að leggja aðeins meira fé í útsvæðið við Varmárskóla.

Úrsúla Jünemann

PAPAR

Papar í Hlégarði Mosfellsbæ

laugardagskvöldið

29. apríl

húsið opnar kl:23:00
miðaverð 2000 kr.



prime

www.papar.is

Mosfellingar njóta árangursins og fá greiddan arð

Í tilefni af mjög góðri rekstrarniðurstöðu bæjarsjóðs Mosfellsbæjar fyrir árið 2005 lagði meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Mosfellsbæjar fram tillögu á bæjarstjórnarfundum 12. apríl um að endurgreiða bæjarbúum 15% af fasteignagjöldum ársins 2006. Einnig lagði meirihlutinn til á sama fundi að veita 20% afslátt af dagvistargjöldum frá 1. maí nk. sem og að hækka um sömu prósentutölum niðurgreiðslur til foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum. Mosfellingar njóta nú þess góða árangurs sem náðst hefur í fjármálum bæjarins.

Hvað þýðir þetta í raun og veru?

- 30 þús. kr. lækkun á almennum leikskólagjöldum fyrir eitt barn í 8 tíma vistun
- 20 þús. kr. lækkun á greiðslu til foreldra sem eru með barn í vistun hjá dagforeldri í 8 tíma
- greiði þessi fjölskylda t.d. 100 þús. kr. í fasteignagjöld þá lækka þau um 15 þús. kr.
- góð rekstrarniðurstæða bæjarsjóðs Mosfellsbæjar árið 2005 færir þessari fjölskyldu 65 þús. kr. sem verður að

teljast góð búbót

En hvers vegna er þetta gert nú? Það er vegna þess að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gefa ekki út innistæðulausa tékka, við biðum þess að sjá niðurstöður ársreiknings og þar sem ávinningur var meiri en áætlunin gerði ráð fyrir þá var lagt til að þeir nyttu sem ættu það skilið.

Oddvitar B- og G lista keppast nú við að eigna sér þessar tillögur með einum eða öðrum hætti en staðreyndin er einfaldlega sú að þeir komu á þessum sama bæjarstjórnarfundum ekki með eina einustu tillögu um að bæjarbúar nyttu þess árangurs sem sýnilegur er í ársreikningi 2005. Af hverju ekki? Svári nú hver fyrir sig.

Niðurstæða ársreiknings 2005 – breyttar áherslur

Ársreikningur Mosfellsbæjar 2005 var samþykktur á bæjarstjórnarfundum 12. apríl sl. og sýna niðurstöður hans eina bestu rekstrarniðurstöðu í sögu Mosfellsbæjar. Rekstrarniðurstæða A-hluta bæjarsjóðs var jákvæð um 542 mkr. samanborið við 63 mkr. jákvæða áætlaða afkomu í fjárhagsáætlun. Byggingarréttur vegna Kriahverfis

er 392 mkr. þannig að án hans er rekstrarniðurstæða jákvæð um 151 mkr. sem er töluvert betri niðurstæða en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Veltufé var jákvætt um 348 mkr. eða 12,4% af tekjum. Eiginfjárstæða batnar verulega og er eiginfjárlutfall A-hluta nú um 29%.

Ársreikningur 2005 er árangur þeirrar fjármálastefnu sem mörkuð var í upphafi þessa kjörtímabils. Fjármálastefna sem byggðist á metnaði, samvinnu, trausti, aðhaldi og hagræðingu. Metnaðurinn hefur verið fólgin í því að leggja fram raunsæjar áætlanir og skapa skilyrði til þess að þeim yrði fylgt. Aðhald og hagræðing hafa verið fólgin í því m.a. að forstöðumenn hafa haft fjárhagslegt sjálfstæði til að ákveða innan áætlunar ráðstöfun fjár og hafa því getað tekið mið af markmiðum og þörfum sinnar stofnunar. Breyttar áherslur og vinnubrögð, sem felast í samvinnu og samabyrgð forstöðumanna sviða, stofnana og stjórnenda bæjarins ásamt aðhaldi í rekstri Mosfellsbæjar, skila bæjarbúum ávinningi og árangri, það sýnir ársreikningur 2005 sem og ársreikningur 2004.

Þeir sem lögðu grunninn

Ársreikningur Mosfellsbæjar árið 2005 er glæsilegur og þar hafa margir lagt gjörva hönd á plóginn. Þáttur starfsmanna Mosfellsbæjar er ómetanlegur í þeim árangri sem náðst hefur en með samvinnu hefur tekist að skapa líðsheild sem hefur verið tilbúin að leggja sitt af mörkum til þess að bæta hag allra bæjarbúa. En ekki má gleyma þátttöku bæjarbúa sjálfrá sem með sköttum og þjónustugjöldum hafa lagt grunn að þeirri velferð sem við búum nú við. Þeirra er ávinningurinn og því var lagt til að þeir nyttu þess árangurs sem náðst hefur á þessu kjörtímabili og er sýnilegur í ársreikningi 2005.

Til hamingju Mosfellingar og gleðilegt sumar.

Bæjarfulltrúar
Sjálfstæðisflokksins

Ragnheiður Ríkhardsdóttir
Haraldur Sverrisson
Herdís Sigurjónsdóttir
Hafsteinn Pálsson

Gjaldfrjáls leikskóli

Velferð fjölskyldunnar er eitt af forgangsmálum VG í Mosfellsbæ og þess vegna er brýnt að leikskólagjöld verði felld niður í áföngum á næsta kjörtímabili. Vinstri grænir eru í farabroddi hvað þennan málaflokk varðar með því að vera fyrsta stjórnmálaflið sem vill að leikskólinn sé gjaldfrjáls. Skólayfirvöld og almenningur líta svo á að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og það er tímaskekkja að sveitarfélögin innheimti skólagjöld.

Viðhorf til leikskólans endurspeglast í þeim mismun sem gerður er með því að innheimta gjald af foreldrum með börn á fyrsta skólastigi en ekki þeim sem eru með börn í grunnskóla og þessu vill VG breyta.

Þess vegna mun VG í Mosfellsbæ beita sér fyrir því á næsta kjörtímabili að kennslu- og fæðisgjald í leik-

skólum verði felld niður í áföngum og jafnframt að gjald fyrir skólamáltíðir í grunnskólum verði nemendum að kostnaðarlausu. Þessi málaflokkur varðar kjör barnafjölskyldunnar þar sem um verulega kjarabót er að ræða. Þessar áætlanir eru hreint ekki svo fjarstæðukenndar og Vinstri grænir sjá ekki að 20% lækkun á leikskólagjöldum, sem tekur gildi 1. maí n.k. hér í Mosfellsbæ, jafni þann mismun sem gerður er á leik- og grunnskólum landsins.

Fyrir börn, sem eru í sex tíma vistun í leikskólum Reykjavíkur, er greitt 17.630 á mánuði. Hins vegar borguðu foreldrar í Mosfellsbæ 21.450 á mánuði fyrir sama vistunartíma sinna barna áður en lækkun leikskólagjaldanna kom til sögunnar. Námsmenn eru einnig betur settir í

Reykjavík, þar er veittur afsláttur ef annað foreldrið er í námi en í Mosfellsbæ er einungis veittur afsláttur ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Það má öllum vera ljóst að fjölskyldufólk, sem hyggst flytja í Mosfellsbæ, horfir í þennan mismun á milli sveitarfélaganna. Neikvæður samamburður kemur ekki til með að vera hagstæður fyrir bæjarfélagið. Það er ekki nóg að kappkosta að bjóða upp á barnvænt og aðlaðandi umhverfi fyrir fjölskylduna. Ungt fólk, sem er að fjárfesta í sínu fyrsta íbúðarhúsnæði ásamt því að ala önn fyrir börnum sínum, ber saman gjalddökur bæjarins við nágrannasveitarfélögin. Það er því keppikefli okkar í VG að álögum bæjarins verði stillt í hóf.

En hvað kemur niðurfelling leikskólagjaldanna til með að kosta



Bryndís
Brynjarsdóttir

Skipar 2. sæti
á lista Vinstri
grænna



bæjarsjóð? Í dag eru um 120 börn í fimm ára árgangnum og miðað við þá tölu væri bæjarsjóður að verða af 28.314.000 á ári. Það er hægt að stilla dæminu upp á ýmsan hátt, lóðarverð í Mosfellsbæ hefur hækkað verulega hin síðari ár og nemur útgjaldaaukningin um það bil söluverðmæti tveggja einbýlishúsalóða. Þetta er spurning um forgangsroðun og vilja bæjaryfirvalda til að rétta hlut leikskólanna og jafnframt stuðla að því að fjölskyldurnar nái betur endum saman.



Boltinn í beinni Pizza Pizza tilboð
Práðlaust net



Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni



Gljúfrasteinninn tilbúinn eftir breytingar

Heimili skáldsins, Halldórs Laxness, var opnað aftur eftir breytingar nú í byrjun apríl. Húsið fékk væna andlitslyftingu og skartar nú sínu fegursta. Af stað hafa farið kynningar á verkum Laxness þar sem eitt verk hans er tekið fyrir í hverjum mánuði. Fyrsta verkið, verk aprilmánaðar, er bókinn Alpýðubókin. Að þessu tilefni munu þeir Andri Snær Magnason rithöfundur og Þróstur Helgason ritstjóri lesblaðs Morgunblaðsins ræða um bókina, Draumalandið og hlutverk rithöfunda í samfélagsumræðunni við gesti og gangandi. Spjallið fer fram í stofunni laugardaginn 29. apríl, hefst kl. 16.00 og opið öllum á meðan húsrúm leyfir.



Opið öll kvöld

Veistu svarið?

- 1 Hvað heitir hestamannafélagið í Mosfellsbæ?
- 2 Hver er formaður menningarmálanefndar?
- 3 Hvað heitir Mosfellski söngvari Sigurrósar?

SVÖR: 1. Hestamannafélagið Hödur, 2. Guðmundur Pétursson, 3. Jónsi

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Hreindýr á heiðum Mosfellinga



Á 18. öld fylltust stjórnvöld áhuga á að reisa við hag Íslandinga, efnahag og atvinnulíf, sem hafði óneitanlega beðið hnekki af ýmsum ástæðum öldina á undan. Margt var reynt að gera þjóðinni til framdráttar. Sumt heppnaðist þolanlega, annað mistókst. Á þeim tíma var landbúnaður sú atvinnugrein sem flestir eða allir unnu við og því einbeittu menn sér að því að efla hann á allan máta. Eitt af því sem stjórnvöldum datt í hug að gera var að flytja inn hreindýr til landsins og komu fyrstu dýrin til Vestmannaeyja frá Sørø í Noregi árið 1771. Fljótlega kom í ljós að dýrin þrífust illa og því voru þau flutt til meginlandsins. Þar fjölgaði þeim örlítið á næstu árum.

Hreindýr voru aftur flutt til landsins árið 1777 og þá var 23 dýra hjörð sleppt á Hvaleyri við Hafnarfjörð. Þaðan færðu dýrin sig í austurátt og leituðu sér þá fæðu á heiðalöndum Mosfellingaseminnan tíðar fóru að veiða sér til matar úr stofninum. Enn voru hreindýr flutt til landsins árið 1784 og 1787 og sleppt í Þingeyjarsýslu og í sveitum Vopnafjarðar. Þar fjölgaði þeim ört og núverandi stofn hreindýra er af þeim kominn.

Hreindýr lifðu á heiðum

Mosfellingafram til aldamótanna 1900 og voru talsvert veidd til matar um skeið. En á skömmum tíma hurfu þau fyrir fullt og allt og enginn vissi hvað af þeim varð. Þá var fyrir löngu búið að friða þau og dýrunum tekið að fjölga. Íbúar Mosfellsveitar fóru því eðlilega að bollaleggja hver ástæðan væri fyrir hvarfi þeirra. Þeir sem best þóttust vita töldu að þau hefðu tekið sig upp og farið austur á land. Um var kennt að þau hefðu styggst þegar hestvagnarnir komu til sögunnar á vegum austur í sveitir. Fólk tók eftir því að á kyrrum kvöldum barst skrítið ótrúlega langt og heyrðist t.d. frá Svínahrauni og heim í Mosfellsveit. Því var dregin sú ályktun að hreindýrin hefðu ekki þolað hávaðann sem raskaði venjubundnu lífi þeirra.

Örfá dýr urðu samt eftir í nægri Mosfellsveit en með tímanum týndi sú litla hjörð tölunni. Dýrin héldu sig á völlum fyrir norðan Kolviðarhól en leituðu norður á bóginn á haustin. Komu

þau þá oft niður í Mosfellsveit og héldu sig hjá Selvatni. Á veturina sáust þau oft hjá eyðibýlinu Miðdalskoti. Þar er góður grashóll og þangað höfðu hreindýr fyrr á tímum komið þegar harðnaði í ári. Síðast voru aðeins tvö dýr eftir af litlu eftirleguhjörðinni og með árunum urðu þau gömul. Þá héldu þau sig mest við gömul beitarhús frá Miðdal. Þau urðu sjóndöpur og gat fólk þá næstum gengið að þeim. Loks sást aðeins annað dýrið en hitt var horfið. Það var árið 1926 og ári seinna hvarf síðasti tarfurinn. Nokkru síðar fannst hann dauður hjá Selvatni og seinna fannst hræið af dýrinu sem fyrr hafði horfið. Var það á svipuðum slóðum, fyrir sunnan og austan Selvatn. Tími villtra hreindýra í Mosfellsveit var liðinn.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Ný störf í boði KB-banka

Um síðustu mánaðamót var deild úr höfuðstöðvum KB banka flutt í Mosfellsbæ. Um er að ræða skiptiborð bankans sem nú svarar öllum símtölum frá 2. hæð útibúsins við Þverholt. Verður þetta að teljast ágæt innspýting í atvinnumál bæjarins enda ekki á hverjum degi sem slíkt hendir.

Bankinn lætur ekki þar við sitja, því fyrirhugað er að stækka neðri hæðina allnokkuð til suðurs og mun þá starfsemi útibúsins öll færast á þá hæð. Þarna er um að ræða áfanga í gagngerum breytingum á útibúinu. Reikna má með að verkefnið taki nokkra mánuði og verður spennandi að fylgjast með hvernig til tekst.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig umhofs er á skiptiborðinu en ekki þurfti að leggja í miklar breytingar á húsnæðinu við þessa ráðstöfun utan þess að auðvitað þurfti að fjölga símtækjum og koma upp videigandi búnaði svo símtölin rati á réttan stað á landinu.





Sigurganga fimleikabarna

Börn úr fimleikadeild Aftureldingar komu sigurreif heim af tveimur mótum sem haldin voru í kringum páskana. P-2 hópurinn hreppti gullverðlaun á hóp-fimleikamóti sem haldið var í Bjarkarheimilinu. Stúlkurnar eru á aldrinum 10-14 ára. Frá fimleikadeild Aftureldingar mættu að þessu sinni fjögur keppnislið, P-2, P-1, M-10 og drengjalið. Öll liðin stóðu sig frábærlega vel. Sami hópur hreppti einnig silfrið á hóp-fimleikamóti í Þorlákshöfn í vikunni fyrir páska.

Annar keppnishópur frá Aftureldingu, M-10 stúlkurnar, hrepptu einnig silfur á hóp-fimleikamótinu á Þorlákshöfn. Stelpurnar eru ungar og sérstaklega efnilegar og er þetta í annað sinn sem þær vinna til verðlauna fyrir Aftureldingu. Drengjahópur deildarinnar tók þátt á sínu fyrsta móti á Þorlákshöfn og lentu strákarnir í þriðja sæti. Börn, þjálfarar og foreldrar eru hæstánægð með árangur vetrarins.

Vorsýning fimleikadeildarinnar verður haldin 28. maí næstkomandi kl. 15:30-17:30 og eru allir velkomnir.



Kolbrún Kristmundsdóttir á trampolíni. Á efri myndinni má sjá stelpurnar í M-10.

Samningur við JAKO




Á dögunum gerði Afturelding tveggja ára samning við JAKO um félagsgalla Aftureldingar. Gallinn er sameiginlegur fyrir allar deildir innan félagsins. Hann er fánlegur hjá Namó ehf. Þverholti 2 og fæst í barnastærðum frá 92-164 og fullorðinsstærðum frá S-XXXL. Namó ehf. mun styrkja allar deildir félagsins í formi vöruúttektar á

samningstímanum, mismikið vissulega eftir umfangi deilda. Verð gallans með ísaumuðu merki félagsins í vinstra brjósti og Afturelding á baki er kr. 5895- í barnastærðum og kr. 7395- í fullorðinsstærðum.

Á myndinni má sjá formann Aftureldingar Elísabetu Guðmundsdóttur og Jóhann Guðjónsson eiganda Namó undirrita samninginn.

Teikningar af nýjum golfskála tilbúnar



Samkeppni um hönnun nýs golfskála fyrir Golfklúbbinn Kjöl er nú lokið og sigurvegari var tilkynntur 19. apríl síðastliðinn. Alls bárust 13 tillögur í samkeppnina og vegleg verðlaun voru í boði. Dórnafnd tók allar tillögur til athugunar og það var arkitektastofan Erum arkitektar sem bar sigur úr býtum. Þeir Erling Pedersen, Helgi Sigurðsson og Jón Þórisson sáu um hönnunina með aðstoð Emilie Suenson. Dórnafndin taldi heildaryfirbragð sigurtillögunar látlaust og gott og að byggingin falli vel að umhverfinu. Tengsl hússins við golfvöllinn er talin góð og útsýni yfir völlinn til norðurs afar gott. Það er því von á stórglæsilegu klúbbhúsi fyrir kylfinga Kjalar innan skamms.

Ernir og Magnús í landsliðið

Handknattleiks-mennirnir ungu hjá Aftureldingu, þeir Ernir Hrafn Arnarson og Magnús Einarsson voru fyrir páska valdir í U-20 ára landsliði Íslands. Þeir fóru með liðinu til Tékklands til að taka þátt í undankeppni Evrópumótsins. Liðið náði ekki að komast í lokakeppni mótsins sem verður haldið í sumar. Þrátt fyrir það áttu okkar menn ágætisleik í síðasta leik á mótinu gegn Þjóðverjum þar sem Ernir var markahæstur íslenska liðsins með sjö mörk og Magnús náði að skora tvö mörk.



Þrumur og eldingar endurvaktar

Foreldrafélag í fótboltanum hefur ákveðið að endurvekja hinn geysi vinsæla Flóamarkað sem félagið hélt árlega áður fyrr við miklar vinsældir. Allt sem er nýtilegt til endursölu á flóamarkaði þiggjum við með þökkum. Við biðjum því bæjarbúa að hugsa til okkar í hinna árlegu vorhreingerningu á heimilum. Tökum við varningi að Varmá að morgni 27. maí eða sækjum heim sé þess óskað.

Á myndinni má sjá meðlimi Gildrunnar afhenda 400.000 kr. ávísun til lagningar gervigrasvallarins að Varmá.

Afturelding í neðri deild að ári

Meistaraflokkur Aftureldingar í handbolta verður í neðri deild á Íslandsmeistaramótinu á næsta ári. Möguleikarnir á því að vera í efri deild voru litlir en eftir tap gegn Haukum á Ásvöllum um síðustu helgi er ljóst að Afturelding er fallin um deild. Strákarnir okkar voru ekki nægjanlega stöðugir í vetur og ófá jafnteflin urðu sem leiddu til þess að liðið náði ekki að tryggja sér meðal átta bestu liða á Íslandi. Síðasti leikur liðsins er nú um helgina að Varmá þar sem tekið verður á móti Stjörnunni.



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is





Bymos þriggja ára

Um þessar mundir fagnar Byggingavöruverslun Mosfellsbæjar þriggja ára afmæli. Að sögn stofnanda og eiganda þess, Karls D. Björnssonar, hefur versluninni vegnað nokkuð vel þó svo uppá síðkastið hafi verulega dofnad yfir viðskiptunum.

Karl hvetur Mosfellinga og nærsveitarmenn að versla innanbæjar sé þess kostur og segir að ef hægt eigi að vera að halda úti svona þjónustu við bæjarbúa, verði þeir að sjálfsögðu að notfæra sér hana. Að öðrum kosti lognast slík þjónusta útaf.

Sá misskilningur hefur komist á kreik í bænum að Bymos sé að hætta rekstri. Ekkert slíkt er fyrirhugað að sinni að sögn Karls, en mögulegur flutningur á versluninni stendur fyrir dyrum. Byggingavöruverslun Mosfellsbæjar er staðsett að Urðarholti 4, við hliðina á Mosfellsbakarí.

Gjörbreytt útibú við Höfða

Frá áramótum hefur verið unnið að viðamiklum breytingum á útibúi Landsbankans við Höfða og má segja að útibúið sé nánast nýtt. Útibúið er eitt af yngri útibúum Landsbankans en það var stofnað 1984. Aðstaða viðskiptavina og starfsfólks eru orðin miklu betri en áður var og viðskiptavinir hafa lýst mikilli ánægju með breytingarnar. Á dögunum var haldið heljarinnar hóf til að fagna breytingunum og margt var um manninn.

Mosfellingar hafa í vaxandi mæli nýtt sér þjónustu Höfðabakkaútibúsins, en Landsbankinn er nú bakhjarl bæði Aftureldingar og Golfklúbbsins Kjarlar. Að sögn Kristjáns Guðmundssonar útibússtjóra á Höfða hlakkar hann til áframhaldandi samstarfs við Mosfellinga.



Kristján Guðmundsson útibússtjóri, fyrir miðju, í góðra vina hópi



Anna Gísla og Guðrún létu sig ekki vanta

Taustur viðskiptavinur



Guitar Islancio sló á létta strengi



Í eldhúsinu hjá Ragnheiði

Rækjusalat Ragnheiðar

Ragnheiður Valdimarsdóttir sendir okkur þessa frábæruuppskrift að rækjusalati. Hún segir salatið leyndu á sér, það sé algjört sælgætiog bráðni í munni.

- 1 dós sýrður rjómi
- 1 lítill dós majones
- dós ananaskurl (ekki safinn)
- 1 rauð paprika í litlum bitum
- 1 græn paprika í litlum bitum
- 1 púrrulaukur í sneiðum
- 2 ostar í litlum bitum (t.d. mexíco/pipar)
- 2-300 gr. rækjur
- rauð vínber skorin til helminga

Rjóminn og majonesið hrært saman ásamtanansinum.

Síðan er hvert hráefnið af öðru hrært samanvið: paprika, púrur, ostur, rækjur og vínber. Borið fram kalt með kexi eða brauði en einnig er hægt að setja salatið yfir fisk og baka í ofni



Láttu okkur dekra við þig

Við bjóðum uppá nudd, bowen, heilun og slökun, naglaásetningu, ósonklefa og margt fleira.



Þverholt 5
S. 566 8110

www.mosfellingur.is

Opnum virka daga kl 7:00



Fékk harmonikku frá gömlum nemendum

Þann 22. apríl hélt Emil Hjartarson upp á sjöttugsafmæli sitt í Harðar-bóli í viðurvist ættingja og vina. Emil hefur verið kennari í 46 ár og kenndi m.a. á Flateyri og í Varmárskóla frá árinu 1989 og lætur af störfum nú í vor. Þegar Emil hóf kennslu við Varmárskóla tók hann við bekk sjö ára nemenda sem átti eftir að fylgja honum næstu sex árin, þ.e. frá 2.-7. bekk. Nú, 11 árum síðar, tóku nemendur þessir sig saman og brugðu á það ráð að safna fyrir harmonikku og gefa honum í tilefni stórafmælisins. „Þegar Emil kenndi okkur var síðasti tíminn á föstudögum alltaf söngtími. Þá tók Emil fram nikkuna og við í bekknum sungum undir harmonikkuleik hans. Eins var þetta fastur liður á öllum bekkjarkvöldum og öðrum samkomum. Þegar ég frétti um daginn að harmonikkan góða væri ónýt ákvað ég að húa í alla gömlu bekkjarfélagana og stakk uppá því að gefa honum nýja „með sál“ í afmælisgjöf. Þau tóku öll rosalega vel í þessa hugmynd og finnst okkur nú alveg frábært að vita af því að hann getur byrjað að spila aftur og hugsað til okkar með bros á vör“, sagði



Helena Gunnarsdóttir. Emil var að vonum hæstánægður og í senn steinhissa með uppátæki gömlu nemenda sinna og sagði m.a. í þakkaræðu sinni að hópur þessi væri launin hans eftir 46 ár sem hann er búinn að vera kennari.

Auglýsing frá yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Frestur til að skila inn framboðum við bæjarstjórnarkosningarnar sem fram fara þann 27. maí 2006 er til 6. maí nk.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar mun veita framboðum viðtöku á skrifstofum Mosfellsbæjar í Kjarna, Þverholti 2, 4. hæð, laugardaginn 6. maí nk. milli kl. 09:00 og 12:00.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 27. maí 2006 verður í Lágafellsskóla við Lækjarhíð.

Mosfellsbæ 27. apríl 2006



Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Gunnar Benediktsson

VORTÓNLEIKAR ÁLAFOSSKÓRSINS



Í Bókasafni Mosfellsbæjar fimmtudaginn 4. maí kl. 20.30
og í Laugarneskirkju sunnudaginn 7. maí kl. 16.00.

Stjórnandi er Helgi R. Einarsson
Meðleikari Arnhildur Valgarðsdóttir
Einsöngvarar Íris Hólm Jónsdóttir
og Viktor A. Guðlaugsson

Til viðhalds - endurnýjunar - nýframkvæmda



ÞAKEFNI Í ÚRVALI

- Þakpappalagnir
- Þakdúkar
- Þakpappi
- Nýlagnir
- Viðhald

Gerum tilboð í
stór og smá verk;
nýlagnir, viðhald
eða endurnýjun.

Sérhæfum okkur í lagningu
þakefna og þakdúka.

Einnig: Jarðvegsdúkar, til
umhverfisverndunar og þessháttar,
sundlaugardúkar og fleira.

pappi.is

www.pappi.is - pappi@pappi.is
símar 557 8030 - 892 8131 - 891 8074

Tvær hliðar

Það hefur varla farið framhjá neinum þetta blessaða grunn-skólaball Flash 104,5 sem haldið var á miðvikudagskvöldið síðasta. Mig langaði að segja ykkur frá hlið unglínganna og hlið foreldranna.

Okkar hlið

Frá okkar bæjardyrum séð var þetta ósköp góður miðvikudags-glaðningur og fannst okkur ekkert sérstaklega bogið við þetta og þótti þetta bara ágætis skemmtun. Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds stóðu fyrir sínu og hljómsveitin Touch þótti góð. Undirritaður varð ekki mikið var við drykkju né annaðsæmi-legt. En undirrituðum ofbauð nú eitt sem hann langar að segja ykkur og það er verðlagningin á pizzunum og gosinu en ein pizzusneið kostaði 350 kr og lítið kókglas 250 kr. En engu að síður finasta skemmtun



Hlið foreldranna

En foreldrunum þótti nú eitthvað bogið við þetta og var mikið umfjöllun um þetta og litu ekk allir á þetta sem miðvikudagsskemmtun heldur illa skipulagðan dansleik á hrikalegum tímamóti og allt óljóst. Engin unglíngaráð né önnur samtök með hagsmuni unglínga að leiðarljósi stóðu fyrir þessu heldur bara einhver útvarpsstöð og einhverjir einkaaðilar sem áttu að vera að plokka penninga af börnum. (með fullri virðingu fyrir Flashinu).



Gísli

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

Vinirnir eru allt

Ef það er eitthvað sem er sannleikurinn samankominn þá er það málshátturinn „Maður er manns gaman“. Hvað væru bestu og verstu stundir lífs manns ef að maður hefði engan til að deila þeim með? Þær væru ekki þær sömu það er alveg ljóst...

Ég meina hversu skemmtilegt hefði verið að fara einn til Spánar í útskriftarferð? Eða fara einn á Þjóðhátíð í Eyjum? Eða fara sóló í Kolaportid á sunnudögum til að finna skrítnu lyktina og skoða styttna sem er alveg eins og Reynir Pétur og kostar 350.000 krónur? Ég meina þetta væri ekki neitt.

Ég hef alltaf verið virkilega heppinn með vini. Ég er svo fátífla lánsamur að það er bara rugl. Ég get ekki einu sinni talið hversu mikið að góðum vinum ég á. Og ekki bara það heldur marga mismunandi vini úr öllum áttum.

Sem færir mig að svokölluðu fellum/bloggvinum mínum sem eru með mér í svokölluðum bloggþóp. Þetta blogg er ekki neitt í rauninni. Bara síða þar sem við strákarnir látum vægast sagt bældan og oft á tíðum algjörlega óskiljanlegan einkahúmor okkar njóta sín. Það er eflaust



mannskemmandi fyrir marga að lesa þvaðrið sem þarna birtist en hverjum er ekki sama. Eins og ég sagði þá er þetta blogg bara aukaatriði. En það býr til svona ramma í rauninni utan um nokkra félagi og heldur þeim þéttar saman. Til dæmis hittumst við oft í nafni hópsins og látum illa saman og það er bara góður kostur.

Það sem ég er kannski líka að reyna segja er

Ásgeir „Slææ“ Jónsson

kann að meta sanna vináttur

asgeir@mosfellingur.is



að ekki gleyma félögum... og vinkonum. Það eru margir sem detta í þá gryfju að fara í samband og salta bara félagana eða vinkonurnar. Það er alveg off. Hvað gerist svo þegar sambandið er búið? Ég held að það sé öllum hollt að halda áfram að feta meðalveginn. Auðvitað verður maður að sinna þessari ást, en ekki til að fórna fíflalátunum, hlátrinum og ruglinu sem þú getur bara lennt í með strákunum/stelpunum.

Ásgeir „Slææ“ Jónsson - Finn gaur.

Tímamót

Nú er að koma að þeim tímamóti í lífi mínu sem kemur nákvæmlega einu sinni á ári. Jú, mikið rétt þann 30. maí næstkomandi á ég afmæli, ég verð einu ári eldri enn ég er í dag en samt bara deginum eldri en deginum áður en ég lagðist í beddinn kvöldinu áður, þá árinu yngri. Hér áður fyrr var þessa dags beðið með mikilli tilhlökkun en nú í dag er þetta tilgangslaus áminning um að ég sé að verða gamall. Stórir blómvendir og gamlar viskíflöskur eru afpakkaðar en ég minni á bankareikninginn minn... - þar sem yfirdráttarheimildin er orðin ansi svæsin.

Ég verð á þessu herrans ári 2006 26 ára gamall, ykkur þykir það eflaust engin tímamót en þau eru það svo sannarlega fyrir mér. Maður er ekki kominn á þrítugsaldur fyrr en maður er röngu megin við 25 ára.

Því fylgir mikil ábyrgð að vera kominn á þennan aldur, maður þarf að fara að haga sér einsog maður, hætta allri vitleysu og reyna eftir besta megni að haga sér einsog meðlimur í vísitölufjölskyldu eins og maður les um í blöðunum.

Hvernig veit ég að ég er að verða gamall???

Bumban er fyrir löngu orðin útstæð, hárið farið að þynnast hrotta-

lega mikið, svo mikið að ég varð að grípa til sköfunnar góðu, maður er orðinn mýkri maður og háskælir yfir Opruh-þáttunum á Stöð 2, ég skipti út vodkanu og landasullinu fyrir kaldan mjöð eða rauðvínsglas, þegar maður sér krakka út í búð þá er maður nefndur í laumi „kallinn“ eða „maðurinn“, maður má ekki taka korkinn úr rauðvínslöskunni því þá er maður þunnur í tvo til þrjá daga - sem sagt ekki 19 ára lengur (því að þá var þynna bara tröllasögur og sögusagnir). Þegar ég var svona sex ára þá voru menn á þrítugsaldri bara gamlir kallar í mínum augum, bara komnir með aðra löppina í gröfina.

Þann 30. maí verð ég opinberlega kominn á þrítugsaldurinn samkvæmt mínum bókum og ef ég væri ekki búinn að missa mest allt hárið myndi það verða grásprengr þegar ég vakna þennan þrítugsaldsmorgun.

Já, ég verð breyttur maður, eldri og reyndari. Maður getur sagt við unglínga nútímans að maður hafi verið uppi á þeim tímum þegar Bubbi hafði hár, Michael Jackson var ekki bara

barnaperri, Ísland komst á verðlaunapall í handbolta og Davíð Oddsson var bara borgarstjóri en ekki þessi maffuforingi sem hann er í dag. Boy Georg þótti mikill töffari, Coventry voru að berjast um titilinn og Silver Stallone fannst mönnum vera nokkuð góður leikari.

Þetta voru gömlu góðu dagarnir.

Dagarnir þegar maður var ungur, óreyndur og vitlaus, nú er ég bara vitlaus.

Ég tala bara eins og afi heitinn þegar hann talaði um seinni heimstyrjöldina og skómmtunarárin. Já, ég er strax farinn að tala eins og ég sé orðinn gamall.

En maður verður bara að sætta sig við það sem maður getur ekki breytt og taka þessu eins og maður. Því það eru bjartir tímar framundan jafnvel þótt hárið sé farið og vömbin sé enn útstæð.



HÖGNI SNÆR
...eldist eins og aðrir

Allt í fína frá Kína

Jæja, elsku kútarnir mínir, hvað segið þið nú gott. Ég veit allavegana að ég segi allt ljómandi gott. Ég ætla rétt að vona að allir hafi haft það eins fínt og ég um páskana, því ef svo er þá ættu allir að vera mjög sáttir. Nú er maður búinn að vera nánast hinu-megin á hnettinum, nánar tiltekið í Kína, í tæpar þrjár vikur. Þetta er alveg ótrúlegt, ég tók ekkert eftir því á meðan ég var úti en þegar ég kom heim sá ég hversu skáeygður og gulleitur ég var orðinn. Ekki nóg með það heldur er ég orðinn tæpum tuttugu senti-metrum minni. Það er alveg rosalegt hvað þetta hunda-, rottu- og hrísgrjónaát getur haft í för með sér, þannig að nú er maður bara að rétta sig af með stífu pítsu- og börgeráti. Ég er nú samt orðinn svo flinkur á þrjónana að ég er farinn að geta gripið flugur á flugi með þrjónunum einum. Tjongar-ar eru yndislegt fólk. Þeir eru skugga-lega hressir, vinalegir og flest allir mjög heiðarlegir. Hvar sem maður kemur inn á skemmtistað eða eitthvað þessháttar



Þrándur

Þrándur grjónapungur

leiðindi þá eru þeir bara topp náungar. Gull af mönnum. Þeir vinna 18 tíma á sólahring og sofa í fimm. Svo þvertaka þeir fyrir það að maður borgi nokkuð aukalega fyrir hluti eins og leigara og þjófí er ekki til í kínveskri orðabók.

Það hættulegasta sem ég hef gert um ævina er líklega að setjast upp í kínverskan leigubíl. Í fyrsta lagi skilja þeir hvorki upp né niður hvert maður vill fara, jafnvel þó að maður sé bara að fara á Mc. Donalds (MG-BOnalds eins og þeir kalla það) og í öru lagi eru engar umferðar-egluglur í Kína. Það eina sem gildir er að hik er sama og tap/dauði. Þeir standa bílana eins og druslan dregur, á móti umferð, yfir á rauðu, þrír á tveimur akreinum og hvað eina. Engin belti og ekki neitt. Svona 80% bílanna þarna fengi ekki skoðun á Íslandi.

Þessi ferð var dúndrandi tveggja vikna skrall með öllu sem því fylgir. Það var rallað svo rosalega að við komumst ekki einu sinni til þess að kíkja á Kínamúrinn. Við náðum þó að kaupa okkur jakkaföt sem var mjög gott. Við fórum sjö strákar og pöntuðum 15 jakkaföt, létum taka af okkur mál og svona, og viku seinna var skraddaraskíturinn búinn að sauma 15 jakkaföt úr fínustu efnum. Hversu hratt getur einn maður saumað? Og þetta kostaði ekki nema átta þúsund ISK settið. Sem er ekki neitt. Sem er minna en alls ekki neitt.

Ef ykkur finnst gaman að ferðast mæli ég eindregið með að þið skellið ykkur til Kína. Það er toppurinn.

En þangað til næst "Sjúsjú þúng" eins og þeir segja í Kína.




Frábærir tónleikar í Hlégarði

Á síðasta degi þessa vetrar, fóru fram stórtónleikar á vegum handknattleiksdeildar Aftureldingar. Tónleikarnir voru haldnir í Hlégarði og það var Trío Reynis Sigurðssonar og systkinin Ragnheiður og Haukur Gröndal sem sáu um skemmtunina. Trío Reynis byrjaði kvöldstundina með því að spila lög Halldórs Sigfússonar í fallegum jassbúningi. Eftir það komu Ragnheiður og Haukur með undurfagra þjóðlaga stemmingu þar sem Ragnheiður söng og spilaði á píanó en Haukur spilaði á saxófón og klarinett meðal annars. Það var svo ógleymanleg stund þegar Tríóið sameinaði krafta sína með Ragnheiði og Hauki undir lokin og fluttu nokkur velvalin lög. Ágætismæting var á tónleikana og veturinn kvaddur með tilþrifum í Hlégarði.



TVÍFARAR



Sandra og Óna úr Ddolinu

TVÍFARAR

Sumarstörf í Þjónustuveri Mosfellsbæjar

Þjónustuver Mosfellsbæjar óskar að ráða tvo þjónustufulltrúa fullt starf vegna sumarafleysinga sumarið 2006. Helstu verkefni verða símvarsla, þjónustu-og upplýsingagjöf, ýmis skráningarvinna, reikningagerð og gerð fundarboða ásamt almennum skifstofustörfum. Vinnutími er 8-16,15. Kunnátta á tölvur, reynsla af sambærilegum störfum, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum er æskileg. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Laun skv kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní. Umsóknnum skal skilað fyrir 12. maí í þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða á netfangið anna@mos.is.



Nálgast má umsóknareyðublöð á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is. Frekari upplýsingar um starfið gefur Anna Margrét Bjarnadóttir í síma 5256700 eða á netfangið anna@mos.is Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Spurning til bæjarbúa

Ertu búin(n) að mynda þér skoðun fyrir komandi kosningar?

Kristinn



Já, ég kys Samfylkinguna.

Berghildur



Ég er ekki ánægð með núverandi stjórn, hún hefur ekki endurbætt Álafossveginn.

Reynir



Nei, ég á enn eftir að kynna mér málefnið. Það er enn nægur tími.

Anna Heiður



Nei, ég er ekki búin að því. Er þó aðeins búin að kynna mér málin.

Kristín



Ég er löngu búin að því, ég kys alltaf Samfylkinguna.

Signý



Nei, ég er ekki búin að því, en samt búin að kynna mér Sjálfstæðisflokkinn og mér lýst ágætlega á hann.

HVERGI SMYKUR



Bingóbræðurnir



Telpurnar í stuði



Komnir með prófið?




Heitt í hamsi



Tvær úr Tungunum



Kúrekastelpur á Hlíðuballi



Strákarnir á Borginni



Feðginin frá Blikastöðum




Teinóttu bræðurnir



Danni og Jónsi með B 10



Ester og Ómar



Blússandi hamingja



Líkur sækir líkan heim



Mæðgurnar



Heiðveig



Colgate brosið



Eva og Helena í sínu finasta




Einar mættur



HH í ham



Hin heilaga þrenning



Lísa Dís skvís



Pósa



Fyr og flamme



obbobbbobbb




Fönn, fönn, fönn



Steini Mæló og co



Lindu páskaegg



Eypóra



Dönsku konungshjónin



HVERGI SMYKUR

SVANUR H. MAGNÚSSON

HVERGI SMYKUR

VIÐ FUGLAFLENSUNA

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

NÚ ER GUMMI Á DRAUMA GENGINN AF GÖFLUNUM...

Hljómur á Draumakaffi

Laugardagskvöldið 6. maí

SYNIR MOSFELLSBÆJAR


Carlsberg

dúettinn

HLJÓMUR

FRÍTT INN
20 ÁRA ALDURSTAKMARK

2 fyrir 1
á köldum
milli kl. 23-24



S.5868040

CARLSBERG - LÉTTÖL

Fjölbreytt störf í boði !

Við hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness leitum að starfsfólki til að starfa með fólki með fötlun. Tilvalið fyrir þá sem eru að leita sér að starfi í heimabæ sínum eða vantar vinnu með skóla. Um er að ræða vaktavinnu í ýmsum starfshlutföllum, 20-100% í Kópavogi, í Hafnarfirði, í Garðabæ, á Seltjarnarnesi á Álftanesi og í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900 og á heimasíðu okkar www.smfr.is.

Svæðisskrifstofa Reykjaness

SUMARVINNA 2006

Hjúkrun og aðhlyning aldraðra

Hjúkrunarfræðingur óskast til til starfa, starfshlutfall samkomulag, bakvaktir. Sjúkraliðar óskast til starfa, starfshlutfall samkomulag. Starfsmenn óskast til aðhlynningarstarfa, starfshlutfall, samkomulag. Um er að ræða störf við hjúkrun og aðhlynningu aldraðra. Vaktavinna, en vaktaskipti eru að öllu jöfnu kl 08:00, 16:00 og 24:00. Unnið er aðra hverja helgi.

Starfsmaður óskast í eldhús Viðiness

- til vetrar- og sumarafleysinga
Um er að ræða 100% starf.
Unnið er á 11 st. vöktum, kl 08:00-19:00.
Unnið í 2 daga síðan frí í 2 daga og frí aðra hverja helgi í 3 daga.
Reynsla æskileg.

Góður vinnuandi !!!

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri,
Borghildur Ragnarsdóttir,
í síma: 563 8801 eða GSM: 862 5470
netfang: vidines.borghildur@simnet.is

MOSFELLINGUR á netinu
www.mosfellingur.is

Aukatímar

Get tekið nemendur í auka/einkatíma í íslensku og ensku.
Tek einnig að mér prófarkarlestur og þýðingar.

Hjördís Kvaran
s. 566-8473 og 845-8473



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GLERTÆKNI ehf.



Völuteigur 3
Sími: 566 8888



Mozart í tali og tónum

Að kvöldi sumardagsins fyrsta hélt Tónlistarfélag Mosfellsbæjar tónleika á torginu í Kjarna. Þjóðþekktir listamenn fluttu þar tónlist eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Í ár eru liðin 250 ár frá fæðingu Mozarts og á efnisskránni voru þekkt söngverk og kammertónlist eftir hann. Flytjendur voru Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir, Kristjana Helgadóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir. Reynir Axelsson ljóðapýðandi fjallaði á tónleikunum um afmælisbarnið og verkin sem flutt voru.

Tónleikarnir heppnuðust í alla staði mjög vel enda glæsilegur hópur þar saman kominn. Tónlistarfélag Mosfellsbæjar hefur staðið fyrir fjölmörgum skemmtilegum tónleikum og vert að fylgjast að með áframhaldandi dagskrá þess. Á myndinni má sjá þær stöllur samankomnar að loknum loknum tónleikum í Kjarna.



Furubýggð

Nýtt í sölu. Glæsilegt parhús á þremur hæðum í vinsælu hverfi í Mosfellsbænum. 4 herbergi, 2 snyrtingar. Góður garður og bílskúr. Vönduð eldhúsinnrétting og gólfefni. **V. 38,5 m.**



Leirutangi - Sér inngangur

Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér garði við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útgengt í sér garð úr stofu. Hellu og svefnherbergi. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Borðkrókur. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. **V. 17,8 m.**



Bergholt.

Nýtt í sölu. Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Þjört stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróid hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakkantur. **V. 37,8 m.**



Byggðarholt. Laus strax

Nýtt í sölu. Mjög vel staðsett 176,2 fm. raðhús á einni hæð í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi Má gera það fjórða. Innangengt í bílskúr. Fallegur bakgarður. Hellulagt bílapiplan. Tvær snyrtingar. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Laust strax. **V. 35,7 m.**



**Sími:
588 55 30**

Opið virka daga frá kl. 9-18

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson

Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Lágholt

Nýtt í sölu. Mjög fallegt 200 fm. einbýli við Lágholt í Mosfellsbæ. Nýlegt eldhús. Flísar á eldhúsi og stofu. Upptekin loft í stofu. Gestasnyrtng og gott baðherbergi. 4 svefnherbergi. Glæsilegur sólskáli með arni. Góður frágangur. Einstaklega fallegur garður. Heitur pottur. Þetta er einstök eign við rölega lokaða götu. Skóli, íþróttastaða og hestavöllur í göngufjarlægð. **V. 39,5 m.**

Blikahöfði



Ný í sölu. Mjög falleg 100 fm. 3ja. herb. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í góðu fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Afar vönduð gólfefni. Náttúruflísar og beykiparket. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús innan íbúðar. Útgengt úr stofu á stórnar sólþall með skjólveggjum. **V. 22,8**

Ásland



Afar glæsilegt tveggja hæða 274 fm. einbýli á stórkostlegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Mjög vandaðar innréttingar og gott skipulag. tvö baðherbergi. Nýtt eldhús og 4 svefnherbergi. Mjög stór lóð. hellulagnir og sólþallur. Allt fyrsta flokks. **V. 52 m**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is